

# STARFSSKILYRÐI FYRIR

## dýrasnyrtistofu

Samræmd starfsskilyrði vegna hollustuhátta, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsskilyrði þessi gilda fyrir dýrasnyrtistofur.	830/2022 Viðauki
1.2	Starfsskilyrðin gilda aðeins í húsnæði sem tilgreint er við skráningu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.	941/2002 14. gr.
1.3	Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu.	830/2022, 3. gr.
1.4	Ef um annan skráningar- eða starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi skráningar- eða starfsleyfisskilyrði.	941/2002 13. Gr.  830/2022 6. gr.
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum, reglum og almennum kröfum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsskilyrðum.	941/2002 3. og 14. gr.  830/2022 6. gr
1.6	Staðfesting á skráningu skal vera sýnileg með áberandi hætti á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.7	Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.
1.8	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022, 11. gr.

## 2. HÚSNÆÐI, LÓÐ OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.
2.1	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012
2.2	Fara skal eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar vegna öryggisþátta.	941/2002 14. gr.
2.3	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	941/2002 14. gr.  112/2012 6.12.6. gr
2.4	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúðarhúsnæði.	941/2002 14. gr.
2.5	Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.
2.6	Þar sem við á skal lóð girt af með dýraheldri girðingu.	941/2002 IV. kafli
2.7	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14. gr.  536/2001
2.8	Gólf, veggir, loft og annar samsvarandi húsbúnaður skal vera gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.
2.9	Loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á hverri hæð eða rekstrareiningu.	941/2002 14. gr

## 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.
3.1	Húsnæði og lóð þar sem fram fer gæludýrahald skal þrifið daglega eða oftar sem ræðst af notkun. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna þrifa.	941/2002 11. og 14. gr.
3.2	Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræstikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.
3.3	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir. Um notkun rafretta fer samkvæmt lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.	Lög nr. 6/2002,  lög nr. 87/2018. gr. 12.

## 4. HÁVAÐI

		Rgl.nr.
4.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008

## 5. MATVÆLI

		<b>Rgl.nr.</b>
4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995

## 6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		<b>Rgl.nr.</b>
6.1	Gæludýr skulu ekki ganga laus þannig að viðskiptavinum sé hættu búin.	941/2002 9. og 11. gr
6.2	Dýrageymslur skulu vera þannig gerðar að ekki sé hættu á að dýr geti sloppið.	941/2002 9. og 11. gr
6.3	Í umgengni við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar.	941/2002 XV. kafli

## 5. UMHVERFISMÁL

		<b>Rgl.nr.</b>
5.1	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999
5.2	Frágangur sorpíláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.
5.3	Lyf og hættuleg efni skal geyma í læstum skápum. Efnavara skal merkt í samræmi við ákvæði í reglugerð.	415/2014 61/2013
5.4	Spilliefnum og lyfjaleifum skal safna og koma til viðurkenndrar móttökustöðvar.	806/1999 737/2003
5.5	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	941/2002, 14. Gr.
5.6	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003

## 6. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
6.1	<p>Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.</p> <p>Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu.</p> <p>Tíðni eftirlits skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.</p> <p>Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.</p>	<p>941/2002, XVI. kafli,</p> <p>830/2022., 8. gr.</p> <p>lög nr. 7/1998, XIV. kafli,</p>
6.2	<p>Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.</p>	<p>Lög nr. 7/1998, 62. gr.</p>
6.3	<p>Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar</p>	<p>941/2002, 9. gr.</p>
6.4	<p>Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.</p>	

## 7. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

		Rgl.nr.
7.1	<p>Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarræðum skv. XVIII. kafla reglugerðar nr. 941/2002 og XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum.</p> <p>Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfisstofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna.</p>	<p>941/2002, XVII. kafli</p> <p>Lög nr. 7/1998</p>

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002,
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna,
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni,
- Efnalög nr. 61/2013,
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
- Byggingarreglugerð nr. 212/2012.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT95): 85.20.0.5 dýrasnyrtistofur**